



Reykjavík, 2. september 2021

**Til:** Borgarráðs - [borgarradsgogn@reykjavik.is](mailto:borgarradsgogn@reykjavik.is)

**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnsæja ruslapoka - R21070173

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Sorpa hefur ákveðið að leggja 500 króna álagsgjald á hvern ógagnsæjan poka sem viðskiptavinir endurvinnslustöðva skila. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað sé átt við með „gagnsæjum“ pokum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sjálfsagt að hindra notkun svartra plastpoka, en hvað með pappírspoka sem líka eru ógagnsæir? Þarf ekki að hugsa þetta aðeins meira og dýpra?*

#### **Svar SORPU bs.**

Með gagnsæjum pokum er átt við poka sem er hægt að sjá í gegnum. Krafa SORPU um að úrgangshafar afhendi úrgang á endurvinnslustöðvar í gagnsæjum pokum er til komin til að stuðla að betri skilum á endurvinnsluefnum í rétta gáma. Ópersónugreinanlegar kannanir SORPU á úrgangi benda til að að lágmarki helmingur þess efnis sem er hent í gám fyrir óendurvinnanlegt efni eigi sér endurvinnslufarveg. Glærum pokum er þannig ætlað að auðvelda viðskiptavinum að sjá hvaða pokar eigi að fara í hvaða gám og einnig starfsfólki endurvinnslustöðva að leiðbeina um rétta flokkun. Pappírspokar eru að jafnaði það litlir að starfsfólk endurvinnslustöðva á auðvelt með að greina með einfaldri sjónskoðun hvert innihald pokanna er og þannig veita viðskiptavinum endurvinnslustöðva réttar leiðbeiningar um rétta flokkun þess sem er í pokanum.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,  
Framkvæmdastjóri SORPU bs.